



FUGLAR

Þróun rannsóknarmiðaðs og þverfaglegs námsefnis í náttúrufræði og raungreinum.

Grandaskóli fékk haustið 2015 Erasmus+ styrk til þriggja ára til að vinna að námsefnisgerð í náttúrufræði. Um er að ræða samstarfsverkefni sex Evrópulanda sem stýrt er frá Ungverjalandi. Önnur samstarfslönd eru, Rúmenía, Pólland, Þýskaland og Spánn. Viðfangsefnið sem lagt er til grundvallar lýtur að fuglaskoðun og rannsóknum á fuglum í sínu náttúrulega umhverfi.

Kennslufræðilegur grunnur verkefnisins byggir á rannsóknarvinnu með nemendahópum í ólíku náttúrulegu og menningarlegu umhverfi og fjölbreyttri úrvinnslu gagna.

Þó megináhersla sé lögð á fuglaskoðun og náttúrufræði er gert ráð fyrir að námsefnið tengist einnig markmiðum margra annarra námsgreina svo sem landafræði, upplýsinga og tæknimennt, listgreinum, ensku og íslensku. Mikil áhersla er lögð á útikennslu í náttúrunni, að efla umhverfisvitund nemenda og félagslega færni, virðingu fyrir umhverfinu og sjálfbærni auk þess að hafa jákvæð áhrif á viðhorf nemenda til náttúrugreina og efla þekkingu þeirra og færni.

Sex nemendahópar, á aldrinum 10 til 13 ára, í þáttökulöndunum sex taka þátt í sambærilegri rannsóknarvinnu og velta fyrir sér sömu rannsóknarspurningunum í ólíku náttúrulegu og menningarlegu umhverfi. M.a. er gert ráð fyrir að unnið sé með fuglahljóð, þjóðsögur og söngva á listrænan hátt.

Skólaárið 2015 – 2016 var unnið með námskrár og áherslur í hverju landi fyrir sig og fundinn sameiginlegur grunnur til að byggja verkefnið á. Skólaárið 2016-2017 er tileinkað vinnu með nemendum. 25 nemendur frá hverju þáttökulandi fara í fimm námsferðir til hinna landanna, fjórir til sex í senn. Kennarar í öllum þáttökulöndunum hafa unnið að námsefnisgerð með samþættingu ólíkra námsgreina í huga. Nú á vordögum er verið að kenna tilrauna útgáfu af þessu námsefni sem síðan verður fullgert og aðlagð hverju landi fyrir sig. Á næsta skólaári verður námsefnið gert aðgengilegt á netinu (E-Twinning), kynnt og haldin námskeið fyrir kennara.

Aðstandendur fuglaverkefnis í Grandaskóla:

Arngunnur Sigurþórsdóttir
Arnheiður Ingimundardóttir
Kristín Þorgerður Magnúsdóttir
Steinunn Guðmundardóttir
Þorgerður Laufey Diðriksdóttir
Þórdís Guðmundasdóttir